


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Október 2025

Jafnrétti

Þjóðin skiptist í tvær fylkingar varðandi það hvort fullu jafnrétti sé náð milli karla og kvenna. Nær 47% telja það en 44% ekki. Tæplega einn af hverjum tíu segist hvorki sammála né ósammála því að fullu jafnrétti sé náð.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu? Það ríkir fullt jafnrétti milli karla og kvenna í íslensku samfélagi



■ Að öllu leyti sammála ■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki sammála né ósammála ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála ■ Að öllu leyti ósammála

Viðhorf karla og kvenna til þess hvort fullu jafnrétti kynjanna sé náð er gjörólíkt. Rúmlega þrjár af hverjum tíu konum telja það á móti rösklega sex af hverjum tíu körlum. Fólk undir þrítugu telur frekar en eldra fólk að fullu jafnrétti kynjanna sé náð. Fólk með hærri fjölskyldutekjur telur frekar að fullu jafnrétti sé náð en tekjulægra fólk.


Þau sem kysu Framsóknarflokkinn eða Miðflokkinn eru helst sammála því að fullu jafnrétti kynjanna sé náð en síst þau sem kysu Flokk fólksins eða aðra flokka en þá sem eiga sæti á þingi.

Greiningar


Kyn *




Aldur *



Fjölskyldutekjur *



Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa? *



* Marktækur munur á milli hópa

Af þeim sem telja ekki að fullu jafnrétti sé náð milli karla og kvenna telja langflestir að það halli á konur, eða rúmlega 87% á móti tæplega 13% sem telja að það halli á karla.


Hvort finnst þér halla á karla eða konur þegar kemur að jafnrétti í íslensku samfélagi?



Bæði karlar og konur sem eru ósammála því að fullu jafnrétti kynjanna sé náð telja mun frekar að það halli á konur en karla. Fleiri karlar en konur telja þó að það halli frekar á karla, eða 21% karla á móti 8% kvenna. Fólk í öllum aldursflokkum telur sömuleiðis frekar að það halli á konur en karla. Yngra fólk telur þó mun frekar en eldra að það halli á karla. Þannig telja nær 35% fólks undir þrítugu að það halli á karla á móti rúmlega 3% fólks yfir sextugu.

Þegar skoðað er samspil kyns og aldurs sést að karlar eru líklegri til að telja halla á kyn sitt eftir því sem þeir eru yngri. Þannig telja 36% karla undir fertugu halla á sig, 18% karla milli fertugs og sextugs og rúmlega 7% karla yfir sextugu. Hjá konum er hins vegar mun meira afgerandi munur á milli kvenna undir þrítugu og kvenna yfir þrítugu. Þannig telja rúmlega 37% kvenna undir þrítugu að það halli frekar á karla en undir 2% kvenna yfir þrítugu.

Greiningar



* Marktækur munur á milli hópa

Spurt var:

- Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu? Það ríkir fullt jafnrétti milli karla og kvenna í íslensku samfélagi
- Hvort finnst þér halla á karla eða konur þegar kemur að jafnrétti í íslensku samfélagi? / Hvort finnst þér halla á konur eða karla þegar kemur að jafnrétti í íslensku samfélagi? (Þau sem voru ósammála staðhæfingunni voru spurð þessarar spurningar. Helmingur fékk hvora útgáfu hennar)

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 17. til 22. október 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.688 og þátttökuhlutfall var 43,4%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drifa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.